

HLUTAFJÁRÚTBOÐ

25.-28. SEPTEMBER

Stjórn Regins hf. ákvað þann 14. september að nýta heimild í 4. gr. samþykka félagsins sem samþykkt var á hlutafafundi Regins 9. september 2020 og hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 40.000.000 að nafnverði. Hlutirnir verða boðnir til sölu í forgangsréttarútboði og skulu hluthafar því njóta forgangsréttar um hið nýja hlutafé miðað við hlutafjáreign sína („útboðið“). Heildarfjöldi útgefina hluta í Reginn fyrir útboðið er kr. 1.783.152.097 og nemur hækkun um 2,2% miðað við núverandi hluti og að áskrifir fáið fyrir allri hækkuninni. Andvirði útboðsins hyggst Reginn nýta til að styrkja lausafjár- og eiginfjárstöðu félagsins.

Helstu skilmálar útboðsins:

- Um er að ræða forgangsréttarútboð til hluthafa og eiga hluthafar rétt á nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína í hlutaskrá Regins hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð í lok dags 24. september 2020 og mögulegt framsal forgangsréttar til sín samkvæmt skilmálum útboðsins.
- Útboðsgengi hinna nýju hluta er 15,0 kr. á hlut.
- Áskrifendur munu fyrst fá úthlutað hlutum byggt á hlutfallslegum (pro-rata) forgangsrétti áskrifenda að nýjum hlutum Regins hvort heldur áskrifendurnir njóta slíks réttar á grundvelli hlutafjáreignar sinnar, ellegar þess að hafa fengið forgangsréttinn framseldan til sín í samræmi við skilmála útboðsins. Komi til þess að einhverjir forgangsréttarhafar nýti ekki forgangsrétt sinn, þá verður þeim nýju hlutum sem áskrift fæst þannig ekki fyrir úthlutað til annarra forgangsréttarhafa sem lýst hafa sig reiðubúna til að skrifa sig fyrir hinum nýju hlutum umfram forgangsrétt sinn. Mun úthlutun til slíkra fjárfesta fara fram í réttu hlutfalli við hlutafjáreign hvers og eins þeirra.

- Engin lágmarksfjárhæð er á áskriftum í forgangsréttarútboðinu.
- Tekið verður við áskriftum á vef Íslandsbanka hf. (www.islandsbanki.is/reginn-utbod) frá kl. 9:00 (GMT) þann 25. september 2020 til kl 17:00 (GMT) þann 28. september 2020.
- Áætlað er að niðurstöður útboðsins verði tilkynntar 29. september 2020 og er áætlaður gjalddagi og eindagi þann 1. október 2020.
- Stefnt er að afhendingu og töku nýrra hluta til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq eins fljótt og auðið er eftir útgáfu hlutabréfa hjá fyrirtækjaskrá Skattisins og er áætluð dagsetning 2. október.
- Upplýsingar og tæknilega aðstoð má nálgast hjá Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. í síma 440-4000 milli kl. 09:00 og 16:00 dagana 25. september til 28. september 2020 og tölvupóstfanginu reginn-utbod@islandsbanki.is.

Nánari upplýsingar má finna í skilmálum útboðsins á vefsíðu félagsins www.reginn.is.

Kópavogur, 14. september 2020.
Stjórn Regins hf.